



Umhverfis- og samgöngunefnd

Nefndarsvið Alþingis

Send á samráðsgátt Alþingis

Reykjavík, 8. maí 2024

Efni: Athugasemdir Landverndar við frumvarp til laga um lagareldi

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér frumvarp þetta og vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Landvernd hefur gert athugasemdir við frumvarp þetta á fyrri stigum og hefur frumvarpið því miður farið til mun verri vegar. Viðurlög við bæði strokum og háu hlutfalli laxadauða hafa orðið vægari en áður sem er í engu samræmi við þann skaða á umhverfinu sem af hlýst.

Þá er ámælisvert að slíkur iðnaður spretti upp án nokkurs regluverk og regluverkið er smíðað utan um iðnaðinn sem nú þegar er orðið sterkt hagsmunaafll. Regluverk á að sníða að þeim skilyrðum sem almenningur setur, manni og náttúru fyrir bestu og iðnaðurinn aðlagi sig að því.

Heilt yfir er ekki að sjá á frumvarpi þessu að náttúran sé metin að verðleikum og lítil virðing borin fyrir auðlindum fjarðanna sem eru í almanna eigu. Ekki er getið hvers kyns mótvægisáðgerðir hægt er að fara í til þess að bæta skaða sem á umhverfinu hlýst og er of mikið litið til umhverfis- og fiskeldissjóða, sem ríkið hefur mikið um að segja hvert fara og hafa nærsamfélög umhverfisáhrifanna gagnrýnt að þurfa að sækja sérstaklega um í slíka sjóði. Gefa á ótímabundin leyfi sem og framsalsrétt leyfishafa sem er í hrópandi ósamræmi við þá fullyrðingu sem í frumvarpinu stendur að eignarréttur leyfishafa verði enginn. Leyfi á að gefa tímabundið og falli leyfishafi frá nýtingu skuli rétturinn falla niður. Auðlindir Íslands eru í þjóðareign og eiga ekki að vera í einkaeigu að neinu leiti. Vert er að nefna að auðlindaákvæði vantar í stjórnarskrá.

Umhverfisvernd og rannsóknir

Markmið laganna eru fögur en víða er óljóst hvernig sannreyna á eftirlitsgögn sem koma frá leyfishöfum sjálfum. Einnig er óljóst hvernig taka á því ef gögn eru ekki fullnægjandi og hvernig bregðast á við ef upp koma umhverfisspjöll. Þá er óljóst hvernig meta á árangur laganna með tilliti til umhverfisverndar og hvort lagaramminn uppfyllir markmið laganna.

Rætt er um að burðarþolsmat skuli endurskoða svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Þar er vísað til rannsókna og vöktunar sem gæti hafa skilað einhverju



sem tilefni þykir til. Þetta er of veikt orðalag en stór umhverfisslys líkt og haustið 2023 eiga til að mynda að vera ljós ástæða fyrir því að þörf sé á endurskoðun.

Þá er gengið að því vísu að ákveða eigi fiskeldi þar sem burðarþolsmat hefur farið fram en burðarþolsmat er ekki ígildi vandaðs umhverfismats þar sem aðeins afmarkaðir umhverfisþættir eru rannsakaðir sem ná t.d. ekki yfir lífríki fjarðanna og botngróður.

Ráðherra skal ákveða margt í reglugerð sem skilur mörgu eftir ósvarað. Rætt er um að horfa skuli á bestu fáanlegu tækni en það eru einnig mjög óljós skilyrði og ekki er sjálfgefið að besta fáanlega tækni sé viðunnandi með tilliti til umhverfisáhrifa.

7. gr Friðunarsvæði

Landvernd leggur til að Seyðisfirði verði bætt við á lista friðunarsvæða vegna gífurlegrar andstöðu heimamanna á að þar verði lagareldi viðhaft. Sjálfsagt er að bregðast við slíkri andstöðu heimamanna. Þá er fjörðurinn einnig mjög nálægt einnar allra bestu og vinsælustu laxveiðiáa á landinu í Vopnafirði.

Frjóir laxar

Íslenskum laxastofni stendur mest hættu af erfðablöndun og því er mikilvægt að kveðið verði á í lögnum að einungis verði notast við ófrjóan lax. Einnig skuli merkja allan fisk sem fer í kvíarnar.

Að lokum

Landvernd efast um að hægt sé að setja sjókvíaeldi undir hatt sjálfbærninnar en hátt hlutfall affalla og efnanotkun eru í ósamræmi við skilgreiningu sjálfbærninnar. Það hlýtur að vekja upp spurningar um réttmæti iðnaðarins þegar milljónir eldislaxa eru sett ofan í firði þar sem villtur laxastofn er á bilinu 50-80 þúsund fiskar. Mikilvægt er að setja skýr viðmið um árangur í lagafrumvarpinu og aðferðir til þess að meta árangurinn. Þá verður í hið minnsta að láta á regluverkið reyna áður en fleiri leyfi eru veitt í mjög svo umdeildum iðnaði.

Virðingarfyllst,

Þorgerður María Þorbjarnardóttir

Formaður Landverndar